

Sp.

619. Fyrirspurn

[349. mál]

til landbúnaðarráðherra um veitingu dýralæknisembætta.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Eftir hvaða reglum velur landbúnaðarráðherra úr hópi umsækjenda um embætti héraðsdýralækna?
2. Hverju sætir að svonefnd „starfsaldursregla“ Dýralæknafélags Íslands hefur margsinnis verið sniðgengin við veitingu embætta héraðsdýralækna?
3. Hyggst ráðherra grípa til annarra aðgerða til að tryggja afskekktum og tekjurýrum héruðum dýralæknisþjónustu ef fallið verður frá því að hafa hliðsjón af „starfsaldursreglu“ Dýralæknafélagsins?